

Mál nr. 38/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2).

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. janúar ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 23. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 26. janúar 2025
4. Bréf V1 dags. 30. janúar 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti segir að hinn 18. desember 2024 hafi orðið árekstur með bifreiðunum A, sem M ók og B á Hlíðasmára í Kópavogi, fyrir ofan húsnæði Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega skýrslu á vettvangi en hvor þeirra um sig sendi sínum vátryggjanda tilkynningu um atvikið. Í tilkynningu M til V1 segir að A hafi verið ekið áfram á götunni, en að B hafi skipt um akrein í aðdraganda áreksturs. A hafi verið ekið Hlíðasmára í vesturátt og B hafi rekist í hliðina á A. Í tjónstilkynningu ökumanns B til V2 segir að A hafi verið beygt inn á Hlíðasmára til vinstri en B hafi verið ekið eftir Hlíðasmára. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna sem lagði alla sök á M, sem hefði borið að veita umferð um Hlíðasmára forgang við akstur út af bifreiðastæði.

M fellir sig ekki við þau málalok enda byggir niðurstaða nefndarinnar á þeirri röngu forsendu að M hafi verið að aka út af bifreiðastæði við Hlíðasmára 2 er áreksturinn varð. Hið rétta sé að M hafi þegar ekið út af bifreiðastæðinu og hafi ekið eftir Hlíðasmára fram hjá innkeyrslu að húsnæði sýslumanns. Sé niðurstöðu tjónanefndar því hafnað. Eru þá gerðar athugasemdir við að þau gögn sem stafi frá V2 og ökumanni B séu frekar fátækleg, en ljóst sé þó að áreksturinn hafi ekki orðið í beygjunni við Hlíðasmára 2 heldur við enda innkeyrslu að Hlíðasmára 1. Hafi M því verið búin að ljúka beygjunni og hafi hún verið á beinni leið eftir Hlíðasmára. Styðji ákomur á bifreiðarnar einnig við þá atvikalýsingu en samræmist ekki þeirri atburðarás að A hafi verið ekið í veg fyrir B. Telji M að B hafi annað hvort verið ekið inn á veginn frá innkeyrslu við Hlíðasmára 1, eða ökumaður hennar hafi fyrir slysi sveigt inn á innkeyrsluna og svo aftur út á veg. Er þess því krafist að öll sök verði lögð á ökumann B.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, til nefndarinnar kemur fram að á afstöðumynd megi sjá að B hafi ekið með akstursstefnu beint áfram til vesturs út Hlíðasmára og að A hafi verið á röngum vegarhelmingi með akstursstefnu til vesturs, en á Hlíðasmára sé aðeins ein akrein í hvora átt. Verði því ekki annað séð en að A hafi verið ekið á móti umferð eftir að henni var ekið út af bifreiðastæði og inn á aðalgötu Hlíðasmára. Áreksturinn hafi svo orðið við það að M hafi ekið A yfir á rétta akrein. Engin frekari gögn styðji þá vangaveltur M um að B hafi verið ekið inn á veginn frá innkeyrslu við Hlíðasmára 1 í aðdraganda áreksturs og megi ekki ráða af gögnum málsins að M hafi séð það gerast. Er afstaða V2 því sú að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum.

Í viðbótarathugasemdum M er því alfarið hafnað að A hafi verið ekið á móti umferð í aðdraganda áreksturs og séu vangaveltur V2 í þá veru ótrúverðugar. Bæði hafi umferð á vettvangi verið slík að það hefði verið ómögulegt og eins fæli slíkt hattalag í sér gróft brot gegn umferðarreglum. M hafi þá verið staðföst í atvikalýsingu sinni varðandi það að hún hafi ekið Hlíðasmára í vesturátt og B hafi rekist á A. Sé það þá nefndarinnar að meta hvor atvikalýsingin sé trúverðugri.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, kemur fram að atvikalýsingar í málinu stafi frá einhliða tilkynningum og lýsingum ökumanna. Telji V1 ósannað að M hafi ekið bifreið sinni út af bifreiðastæði við Hlíðasmára í veg fyrir B. Ekki sé tækt að láta framburð ökumanns B vega þyngra en framburð M varðandi það hvoru þeirra hafi borið að veita umferð um Hlíðasmára forgang við útakstur af bifreiðastæði. Sé því rétt að sök skiptist að jöfnu.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi né sammæltust með öðrum hætti um lýsingu á aðdraganda árekstursins. Liggur heldur ekki fyrir neins konar afstöðumynd sem aðilar hafi sammælt um og af fyrirbyggjandi ljósmyndum verður ekki ráðið hver afstaða bifreiðanna hafi verið í aðdraganda áreksturs. Virðast þá engin vitni hafa orðið að árekstrinum.

Eins og að framan er rakið er nokkur ágreiningur um málsatvik. Þannig má ráða af tjónstilkynningu ökumanns A að hún hafi ekið eftir Hlíðasmára, eftir að hafa ekið út af bifreiðastæði við Hlíðasmára 2, þegar ökumaður B skipti um akrein í veg fyrir A. Af frásögn ökumanns B má ráða að hann hafi ekið eftir Hlíðasmára þegar ökumaður A hafi skipt um akrein í veg fyrir B. Frásagnir ökumanna í tjónstilkynningum eru að öðru leyti ekki mjög ítarlegar. Í ljósi alls framangreinds telur nefndin sér ekki unnt að fullyrða um það hvor ökumanna hafi ekið í veg fyrir hinn og miðað við aðstæður á vettvangi verður hvorug framangreindra atvikalýsinga útilokuð.

Verður á grundvelli þessa að telja ósannað hver staða ökutækjanna var í aðdraganda áreksturs og verður við niðurstöðu ekki byggt á því að annar ökumanna beri sök umfram hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 31. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir